

Allan kostnað að lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 588.00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlita tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

IV. KAFLI

13. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 91 28. febrúar 1975.

Íðnaðarráðuneytið, 22. janúar 1976.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUGERÐ**um lágmarksstærðir fisktegunda.**

1. gr.

Bannað er að hirða nokkurn fisk, sem er smærri en greint er hér á eftir. Lágmarksstærðin er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda:

Porskur (<i>Gadus morhua morhua</i>)	50 cm
Ýsa (<i>Melanogrammus aeglefinus</i>)	45 —
Ufsi (<i>Pollachius virens</i>)	50 —
Lýsingur (<i>Merluccius merluccius</i>)	30 —
Skarkoli (<i>Pleuronectes platessa</i>)	34 —
Langlúra (<i>Gyptocephalus cynoglossus</i>)	30 —
Þykkvalúra (<i>Microstomus kitt</i>)	30 —
Tunga (<i>Solea solea</i>)	24 —
Sandhverfa (<i>Psetta maxima</i>)	30 —
Slétthverfa (<i>Psetta psetta</i>)	30 —
Stórkjafta (<i>Lepidorhombus whiff</i>)	30 —
Lýsa (<i>Merlangius merlangus merlangus</i>)	40 —
Sandkoli (<i>Limanda limanda</i>)	20 —
Steinbítur (<i>Anarhichas lupus</i>)	40 —
Karfi (<i>Seliastes marinus</i>)	500 gr.

Einnig er bannað að kaupa eða selja fisk, sem telst til þessara tegunda, ef hann er smærri en segir í þessari grein. Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar má 10% af þorsk-, ýsu- og ufsaafla hverrar veiðiferðar vera undir ofangreindum lágmarksstærðum, þó má ekki landa þorski undir 43 cm, ýsu undir 40 cm eða ufsa undir 45 cm. Ennfremur má 5% af karfaafla hverrar veiðiferðar vera undir 500 gr að

2. gr.

þyngd hver fiskur. Eigi ná ákvæði þessarar reglugerðar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna.

3. gr.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða skal hafa eftirlit með aflasamsetningu fiskiskipa og, að ekki séu heimildarlaust unnar ofangreindar fisktegundir, sem ekki ná lágmarksstærðum þeim, sem fyrir er mælt um í reglugerð þessari.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 12. gr. laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni eða samkvæmt ákvæðum, laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, og er heimilt að gera afla upptækan til ríkissjóðs, ef brot þykir gefa tilefni til.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni og 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og fellur með henni úr gildi 3. gr. reglugerðar nr. 393 31. desember 1974 um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu og um lágmarksstærð fisktegunda.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. febrúar 1976.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. janúar 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 299 15. júlí 1975, um fiskveiðilandhelgi Íslands.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Íslenskum skipum, sem veiða með botnvörpu og flotvörpu eru bannaðar veiðar innan fiskveiðilandhelginnar á eftirgreindum svæðum og tíma.

1. Fyrir Norðausturlandi allt árið, á svæði, er að vestan takmarkast af línu, sem dregin er réttvísandi í norður frá Rifstanga (grunnlínupunktur 7) og að austan af línu, sem dregin er réttvísandi í austur frá Langanesi (grunnlínupunktur 9). Að utan takmarkast svæðið af línu, sem dregin er 70 sjómílar utan við grunnlínu.
2. Fyrir Austurlandi allt árið innan línu, er dregin er í 5 sjómílna fjarlægð frá fjöruborði Hvalbaks (64°35'8 n.br., 13°16'6 v.lgd.).
3. Fyrir Suðausturlandi allt árið á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:
 - a) 63°57'8 n.br., 13°00'0 v.lgd.
 - b) 63°45'0 n.br., 14°00'0 v.lgd.
 - c) 64°01'0 n.br., 14°07'0 v.lgd.
 - d) 64°15'0 n.br., 13°00'0 v.lgd.